

Stefnuskjal

Jafnlaunastefna

Stefna Þjóðskjalasafns er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Framkvæmdastjórn Þjóðskjalasafns Íslands ber ábyrgð á jafnlaunakerfi safnsins. Hún ber einnig ábyrgð á að jafnlaunastefnu og lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs ber ábyrgð á innleiðingu, umbótum og hlítinu á settum viðmiðum, og tryggir að framkvæmdastjórn þekki stefnuna og uppfylli öll skilyrði hennar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur Þjóðskjalasafn sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Þjóðskjalasafn hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt óháð kynferði, kynþætti, aldri, þjóðerni eða öðrum ómálefnalegum atriðum.

Markmið Þjóðskjalasafn er að vera góður og eftirsóttur vinnustaður og að konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi.

Til þess að ná því markmiði mun Þjóðskjalasafn:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, skjalfesta það og því viðhaldið.
- Gera launagreiningu, til að mæla hlítinu, a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Tryggja að ráðningar, laun og önnur umbun grundvallist ekki á kynferði, kynþætti, aldri, þjóðerni né öðrum ómálefnalegum ástæðum.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítinu þeirra á fundi.
- Kynna jafnlaunastefnuna árlega fyrir starfsmönnum safnsins. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef Þjóðskjalasafns.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu safnsins.

